

Fjarðarheiðargöng - breyting á veglínu Suðurleiðar og færsla á inntakslóni vatnsveitu, Múlþingi

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 3. apríl 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um breytingu á veglínu Suðurleiðar frá því sem kynnt var í umhverfismatskýrslu Fjarðarheiðarganga og færslu á inntakslóni vatnsveitu í Seyðisfirði, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. liði 10.12 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Múlþings, Fiskistofu, HEF veitna, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Skógræktarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Fjarðarheiðargöng - breyting á veglínu Suðurleiðar og færsla á inntakslóni vatnsveitu, Múlþingi. Matsskyldufyrirsurn. VSÓ ráðgjöf og Vegagerðin. Apríl 2023.

Viðauki 1 með tilkynningu: Kristín Ágústsdóttir og Guðrún Óskarsdóttir (2022). Fjarðarheiðargöng – Viðbótarrannsókn á gróðri vegna nýrra valkosta (B og C) á Suðurleið. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Austurlands.

Viðauki 2 með tilkynningu: Indriði Skarphéðinsson og Ragnheiður Traustadóttir (2022). Fjarðarheiðargöng – Fornleifaskráning vegna breyttrar veglínu. Antikva ehf.


Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Múlþingi dags. 9. maí 2023
- Fiskistofu dags. 16. júní 2023
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands dags. 5. maí 2023
- Minjastofnun Íslands dags. 30. maí 2023
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 8. maí 2023
- Umhverfisstofnun dags. 18. apríl 2023
- Skógræktinni dags. 10. maí 2023

Umsögn barst ekki frá HEF veitum. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni 5. júní 2023.


3 Fyrirhuguð framkvæmd

Líkt og áður segir felst fyrirhuguð framkvæmd í að breyta hluta veglínu Suðurleiðar frá því sem kynnt var í umhverfismatskýrslu Fjarðarheiðarganga og færslu á inntakslóni vatnsveitu í Seyðisfirði. Tilgangur færslu Suðurleiðar er að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á vistgerðir, plöntutegundir sem njóta verndar og mögulegt framtíðar byggingarland sunnan við núverandi byggð Egilsstaða. Skoðaðir voru þrjú valkostir (A, B og C) fyrir breytingarnar sem allir gera ráð fyrir tengivegi að Miðási. Eftir samanburð á valkostunum var niðurstaða Vegagerðarinnar að leggja fram valkost B sem aðalvalkost (Mynd 1).



Mynd 1. Valkostur A er veglína Suðurleiðar skv. umhverfismatsskýrslu Vegagerðarinnar en valkostir B og C nýjar veglínur. Valkostur B er nýr aðalvalkostur Vegagerðarinnar (Mynd úr greinargerð Vegagerðarinnar).

Tilgangur færslu inntakslóns vatnsveitu í Seyðisfirði ofar í Fjarðará er að draga úr hættu á neikvæðum áhrifum framkvæmda við Fjarðarheiðargöng á vatnsvernd. Ekki er gert ráð fyrir að vatnstaka verði meiri úr ánni heldur en hún er í dag. Vatnstaka verður innan við 7% af lágmarksrennsli að sumarlagi. Tveir valkostir voru skoðaðir (Mynd 2). Valkostur 1 miðast við að útbúa svipað inntak og nú er. Breikka þyrfti ána, útbúa 80 m varnargarð, 2.000 m² lón og leggja 1.370 m lögn. Heildarrask næmi um 4.000 m². Valkostur 2 felur í sér að komið yrði fyrir röri með grófrist á endanum í hyl í ánni. Vatn yrði leitt um rörið í inntaksvirki sem væri staðsett í a.m.k. 10 m fjarlægð frá bakka árinna og áfram um 1.250 m lögn. Heildarrask næmi um 2.000 m².



Mynd 2. Staðsetning valkosta 1 og 2 (rauður hringur) með tilliti til vatnsverndar og gangamunna Fjarðarheiðarganga (Mynd úr greinargerð Vegagerðarinnar).



4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.

4.1 Suðurleið

Vistgerðir og gróður

Fram kemur í greinargerð Vegagerðarinnar að gróðurfar á veglínunum allra þriggja valkosta einkennist af birkiskógum (kjarrskógavist), votlendi (starungsmýravist og runnamýravist á láglandi) og nýjum og gömlum túnum. Verndargildi kjarrskógavistar sé hátt og starungsmýravistar og runnamýravistar mjög hátt. Lítil munur sé á lengd valkosta. Í heild raski valkostur A minnst af grónu landi en valkostur B minnst af votlendi. Bent er á að í votlendi geti gætt áhrifa utan beins rasksvæðis og votlendi stærri en 20.000 m² njóti sérstakrar verndar samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd og skal forðast að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til. Valkostur A raski mestu náttúrulegu birki (kjarrskógarvist). Valkostur C feli í sér minnsta raskið á birki en valkostur B litlu meira. Samkvæmt lögum um náttúruvernd njóti sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra, þar sem eru m.a. gömul tré, sérstakrar verndar. Það sé mat Náttúrustofu Austurlands að birkiskógurinn á svæðinu teljist til sérstæðra birkiskóga vegna aldurs. Einnig er bent á að Egilsstaðaskógur, nærliggjandi skóglendi og Egilsstaðaklettur séu hluti af svæði á náttúruverndaráætlun 2009–2013.

Tafla 1. Samanburður á beinu raski valkosta (m²) miðað við að áhrifasvæði nái 15 m í sitthvora átt út frá miðlínu vegar. Heildarrask vegna vegagerðar miðast við þann kafla þar sem valkostirnir liggja ekki saman, að meðtalinni tengingu við Tjarnarás (upplýsingar úr greinargerð Vegagerðarinnar).

Valkostur	Votlendi	Tún	Blæösp	Skóglendi/ birki	Heildarrask v/vegagerðar
A	22.792	14.061	4.594	44.619	111.700
B	18.023	13.798	0	38.749	117.700
C	47.392	10.526	0	37.709	129.400

Fram kemur að ein tegund friðlýstrar æðplöntu hafi fundist við skráningu innan athugunarsvæða á vettvangi, en það er blæösp. Valkostur A fari um vaxtarstaði blæspar en ekki valkostur B. Þá fari valkostur C nálægt vaxtarstöðum blæspar. Samkvæmt friðlýsingunni sé bannað að aflífa, eyðileggja eða valda á annan hátt skaða á einstaklingum friðaðrar tegundar.

Það er niðurstaða Vegagerðarinnar að áhrif allra þriggja valkostanna séu neikvæð á vistgerðir og gróður, rýri verndargildi votlendis og birkiskóga svæðisbundið, séu til langs tíma og að nokkru leyti óafturkræf. Vegna aðalvalkostsins B verði hlutfallslega minna rask á vistgerðum og tegundum plantna sem njóti sérstakrar verndar (votlendi, birki og blæösp) en vegna valkostar A.

Vegagerðin gerir ráð fyrir sömu mótvægisáðgerðum og lagðar voru fram í umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga. Áhersla verði lögð á að endurheimta votlendi, gróin svæði og skóglendi á móti þeim svæðum sem raskast. Búast megi við að friðlýstar fléttur finnist á áhrifasvæði valkosta, s.s. skrámuclúka, grástika og gullinvarp. Áður en framkvæmdir hefjist verði sérfræðingur látinn fara um fyrirhugað framkvæmdasvæði í frekari leit að friðlýstum fléttutegundum. Þar sem við á verði birkitré, sem fléttur vaxa á, færð til.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er rifjuð upp umsögn stofnunarinnar um umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga dags. 21. júlí 2022. Þar voru umhverfisáhrif Suðurleiðar talin vera hvað neikvæðust af valkostunum þremur sem til umfjöllunar voru. Framkvæmdin myndi valda óafturkræfu raski á vistgerðum með hátt verndargildi, votlendi og birkiskóg sem fellur undir ákvæði náttúruverndarlaga um sérstaka vernd, sem og á vaxtarstöðum æðplöntu- og fléttutegunda



sem eru á valista eða friðaðar samkvæmt nýrri auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og fléttna nr. 1385/2021. Taldi stofnunin mikilvægt að lögð yrði áhersla á mótvægisgerðir. Fram kemur að Náttúrufræðistofnun tekur undir með niðurstöðu í tilkynningu Vegagerðarinnar að valkostur B sé skásti valkosturinn sem til umfjöllunar er hvað varðar Suðurleiðina og sérstaklega jákvætt að stefnt sé að því að hlífa vaxtarstöðum blæspar. Bendir stofnunin á að blæösp finnist á áhrifasvæði valkosta B og því mikilvægt að hugað verði að því við hönnun vegar að vaxtarstöðum blæspar í jaðri framkvæmdasvæðis sé ekki raskað. Valkostur B feli þó áfram í sér umtalsvert rask á vistgerðum með hátt verndargildi og búsvæðum fugla og nauðsynlegt að brugðist sé við því með þeim mótvægisgerðum sem rætt var um í umhverfismatskýrslunni. Varðandi möguleg áhrif á friðaðar fléttutegundir komi fram að stefnt verði að því að láta sérfræðing meta fyrirhugað framkvæmdasvæði með tilliti til þess hvort slíkar tegundir sé þar að finna. Þá yrði reynt að færa til birkitré sem á vaxa friðaðar fléttutegundir til að koma í veg fyrir að einstaklingar þessara tegunda tapist við framkvæmdina. Að mati Náttúrufræðistofnunar er þetta jákvæð og mikilvægt mótvægisgerð en nauðsynlegt að hún sé ígrunduð vandlega í samráði við sérfræðinga.

Í umsögn Skógræktarinnar kemur fram það mat stofnunarinnar að birkiskógurinn á umræddu svæði sé ekki sérstæður eða vistfræðilega mikilvægur og falli því ekki undir verndarákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd. Hinsvegar sé varanleg eyðing skóga óheimil nema nauðsyn beri til og þurfi þá að ráðast í mótvægisgerðir og fá leyfi hjá Skógræktinni. Bendir Skógræktin á að valkostur A fari yfir um 0,4 ha svæði þar sem blæösp vex. Hugsanlegt sé að hægt verði að koma við einhverjum mótvægisgerðum ef ryðja þarf blæsparlundi, t.d. að endurplanta þeim annarsstaðar. Þetta væri hægt að gera með því að flytja torfur. Blæösp sé afar fágæt á Íslandi og afar mikilvægt að erfðaefni og breytileiki innan stofns hennar tapist ekki ef ryðja þarf henni burt á einhverjum stað vegna framkvæmda. Ef í framkvæmdinni felst varanleg eyðing á skógi þá þurfi að grípa til mótvægisgerða, s.s. að koma upp sambærilegum skógi á sambærilega stóru svæði annarsstaðar, og skila gögnum um skógareyðingu til Skógræktarinnar. Mikilvægt sé að mælingar fari fram áður en framkvæmdir hefjist.

Fornleifar

Fram kemur að tólf fornleifar hafi verið skráðar innan athugunarsvæðis aðalvalkosta, þ.e. valkostar B. Af þeim voru 5 skráðar á þeim hluta valkosta B sem liggur norðan Hríshóla (á því ekki við um valkost C). Áður höfðu 9 fornleifar verið skráðar innan athugunarsvæðis valkosta A. Vegagerðin metur áhrif valkosta á fornleifar þannig að aðalvalkostur (B) og valkostur C hafi óveruleg áhrif en valkostur A neikvæð áhrif.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að erfitt sé að leggja endanlegt mat á áhrif framkvæmdanna á fornleifar þar sem ekki liggja fyrir umfang rasks, s.s. fláa og skeringa á nýjum veglínnum. Stofnunin telji skráningu akvegarins fullnægjandi mótvægisgerð fyrir valkosti B og C en ítrekar að fylgja þurfi kröfum í umsögn stofnunarinnar um umhverfismatskýrslu, dags. 14. júlí 2022 fyrir valkost A. Minjastofnun telji valkost C ákjósanlegastan m.t.t. fornleifa en leggst þó ekki gegn neinum valkostanna verði skilyrði stofnunarinnar um mótvægisgerðir uppfyllt.

Landnotkun og verndarsvæði

Fram kemur að landnotkun á athugunarsvæðinu sé skilgreind sem landbúnaðarsvæði samkvæmt Aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028 en næst fyrirhuguðum vegamótum frá Skriðdals- og Breiðdalsvegi liggja valkostur A í jaðri íbúðarbyggðar skv. skipulaginu. Allir valkostir fari að hluta um tón og svæði ætluð til útivistar og muni því hafa neikvæð áhrif til langtíma. Nokkuð meira sé af tónum þar sem valkostur B fari um samanborið við valkost A og C. Allir valkostir fari inn á svæði á C-hluta náttúruminjaskrár, svæði nr. 611 austanverður Eyvindarárdalur og Eyvindarárgil, Egilsstaðabæ, S-Múlasýslu, og inn á svæðið Egilsstaðaskógur og Egilsstaðaklettur sem sett var á náttúruverndaráætlun 2009 –2013. Valkostir B og C fari um svæði sem Helgi Hallgrímsson hefur



afmarkað í náttúrumæraskrá sinni, Egilsstaðaskóg. Vegagerðin metur áhrif allra valkosta á landnotkun og verndarsvæði neikvæð.

4.2 Færsla inntakslóns vatnsveitu

Vatnafar og vatnsvernd

Fram kemur að við færslu á inntakslóni verði breyting á vatnsverndarsvæðum þannig að framkvæmdasvæði Fjarðarheiðarganga við gangamunna Seyðisfjarðarmegin verði ekki lengur innan vatnsverndarsvæðis. Framkvæmdin dragi þannig verulega úr hættu á neikvæðum áhrifum á vatnsvernd bæði á framkvæmdatíma og rekstrartíma Fjarðarheiðarganga. Við færslu inntaksins þurfi að gæta að mögulegri áhættu á mengunarslysum vegna olíunotkunar frá vinnuvélum. Með markvissu viðhaldi og eftirliti sé hægt að lágmarka þessa áhættu. Unnið verði eftir sama verklagi vegna olíunotkunar og kemur fram í umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga. Vegagerðin metur áhrif beggja valkosta á vatnafar og vatnsvernd óveruleg.

Að mati Heilbrigðiseftirlits Austurlands er boðuð færsla vatnsinntaks fyrir vatnsból Seyðisfjarðar til þess fallin að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda á vatnsvernd á Seyðisfirði. Báðir kostir dragi úr áhættunni. Bent er á að haugsetningarsvæði sé innan grannsvæðis vatnsverndar og ákveðnar reglur gildi m.a. um hættuleg efni og veglagnir. Telur embættið vert að skoða hvort breyta skuli skilgreiningu á vatnsvernd samhliða breytingu á vatnsinntaki.

Náttúrufræðistofnun leggur til í umsögn sinni að valkostur 2 verði fyrir valinu til að minna rask verði m.a. á ánni sjálfri sem og gróðri. Ásýndaráhrif séu einnig mun minni af þeim valkosti.

Í umsögn Múlaþings er bent á að þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að áhrif á vatnsrennsli í Fjarðará verði óveruleg, sama hvor valkosturinn verður fyrir valinu, væri æskilegt að fram kæmi hvort einhver áhrif yrðu á rennsli í Gufufossi sem er vinsæll ferðamannastaður.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að miðað við að lágmarksrennsli í Fjarðará fari ekki niður fyrir náttúrulegt lágmarksrennsli að sumarlagi, 0,5 m³/s, þá dragi úr rennsli í Gufufossi um u.þ.b. 5% af því á þeim árstíma sem búast megi við að flestir skoði Gufufoss. Miðað við að lágmarksrennsli í Fjarðará fari ekki niður fyrir náttúrulegt lágmarksrennsli að vetrarlagi, 0,1 m³/s, þá dragi úr rennsli í Gufufossi um u.þ.b. 25%.

Vistgerðir og gróður

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að gróðurfar á framkvæmdasvæðinu einkennist einkum af graslendi eða vel grónu mólendi með þurrum, grýttum hálendismelum inn á milli. Á svæðinu sé m.a. að finna bugðupuntuvist og lyngmóavist sem hafi hátt verndargildi. Vegagerðin metur áhrif beggja valkosta á vistgerðir og gróður óveruleg.

Fornleifar

Fram kemur að framkvæmdasvæðið sé að hluta innan svæðis sem hafi verið kannað m.t.t. fornleifa í umhverfismati Fjarðarheiðarganga. Á kortlagða svæðinu fari lagnalega nálægt þremur fornleifum en ekki sé búist við raski. Sem mótvægisaðgerð sé lagt til að þessar fornleifar verði merktar á meðan framkvæmdum stendur. Ekki hafi farið fram fornleifafráning á hluta svæðis við inntakið. Áður en framkvæmdir hefjist verði fornleifafræðingur fenginn til að taka það út m.t.t. fornleifa og verði niðurstöður þeirrar skráningar kynntar Minjastofnun Íslands. Vegagerðin metur áhrif beggja valkosta á fornleifar óveruleg.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er bent á að ákveðin óvissa sé til staðar um áhrif á fornleifar og þörf á fornleifafráningu á þeim svæðum sem ekki hafa verið könnuð m.t.t. fornleifa áður en framkvæmdaleyfi verði gefið út.



Landnotkun og verndarsvæði

Fram kemur að samkvæmt Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010 – 2030 sé landnotkun skilgreind sem óbyggð svæði. Framkvæmdin fari fram innan grannsvæðis vatnsverndar en með færslunni verði breyting á vatnsverndarsvæðum þannig að framkvæmdasvæði Fjarðarheiðarganga við gangamunna Seyðisfjarðarmegin verði ekki lengur innan vatnsverndarsvæðis. Vegagerðin metur áhrif beggja valkosta á landnotkun og verndarsvæði óveruleg.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er gerð athugasemd við að ekki skuli vera fjallað um áhrif á fuglalíf og landslag í tilkynningunni.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að breyting á Suðurleið sé ekki talin breyta niðurstöðum fyrra mats úr umhverfismatskýrslu Fjarðarheiðarganga um áhrif veglagningar á þessu svæði á fuglalíf og landslag og ásynnd.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028 og Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 og kallar á breytingar á þeim.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Múlapings samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig þarf leyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, Fiskistofu samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði, Minjastofnunar Íslands samkvæmt lögum um menningarminjar, Skógræktarinnar samkvæmt lögum um skóga og skógrækt og Orkustofnunar samkvæmt vatnalögum.

6 Niðurstaða

Um er að ræða breytingar á hluta veglínu Suðurleiðar frá því sem kynnt var í umhverfismatskýrslu Fjarðarheiðarganga og færslu á inntakslóni vatnsveitu í Seyðisfirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.12 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingar náttúruauðlinda, úrgangsmyndunar, mengun, ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða og kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

6.1 Suðurleið

Ekki er um að ræða umfangsmikla vegagerð, þ.e. hér er um að ræða veglagningu á tiltölulega stuttum kafla. Hins vegar hefur framkvæmdasvæðið ákveðið verndargildi. Líkt og fram hefur komið



mun vegur samkvæmt öllum valkostum fara um svæði á náttúruverndaráætlun 2009-2013 og svæði á C-hluta náttúruminjaskrár auk þess sem vegur skv. valkostum B og C mun liggja um svæði á náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar. Á svæðinu eru fjögur votlendi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga, samtals um 460.000 m² sem verða fyrir mismiklu raski eftir valkostum. Í Egilsstaðaskógi vaxa jafnframt friðlýstar plöntur, þ.e. blæösp og flétturnar skrámuklúka, grástika og gullinvarp.

Suðurleið samkvæmt valkosti A hefur hlotið málsmeðferð á grundvelli laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, en þann 22. desember 2022 birti Skipulagsstofnun álit um mat á umhverfisáhrifum Fjarðarheiðarganga, sem var uppfært m.t.t. skilyrða þann 22. febrúar 2023. Í umhverfismatinu voru skoðaðir þrjú valkostir fyrir legu Hringveggar við Egilsstaði, þ.e. Suðurleið með Hringveg fyrir sunnan Egilsstaði, Miðleið með Hringveg í gegnum þéttbýlið á Egilsstöðum og Norðurleið með Hringveg fyrir norðan Egilsstaði. Af þeim taldi Skipulagsstofnun Suðurleiðina hafa neikvæðust áhrif á gróður. Taldi stofnunin áhrif Suðurleiðar geta orðið verulega neikvæð vegna umfangs skerðingar á votlendi, birki og æðplöntum sem njóta verndar. Jafnframt taldi stofnunin óvissa ríkja um áhrif allra veglína á Héraði á friðaðar fléttutegundir. Taldi Skipulagsstofnun að áður en kæmi að útgáfu framkvæmdaleyfis þyrfti að kortleggja fundarstaði friðaðra fléttutegunda á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði um Egilsstaðaskóg. Einnig þyrfti að leggja fram mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum vegagerðarinnar á friðaðar æðplöntur og fléttur, unnar í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun. Jafnframt þyrfti að kortleggja rask á votlendi og skóglendi á ókönnuðum hluta Suðurleiðar svo réttar upplýsingar myndu liggja fyrir um heildarflatarmál votlendis og skóglendis sem þarf að endurheimta.

Ljóst er að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar tengjast áhrifum á gróðurfar. Jákvætt er að hlífa vaxtarstöðum blæspar en enn ríkir óvissa um áhrif á friðaðar fléttutegundir. Veglagning skv. valkosti B hefur heldur minni áhrif á gróður en valkostir A og C en eftir sem áður mun ný veglína skera í sundur og valda óafturkræfu raski á vistgerðum með hátt verndargildi, m.a. á víðáttumiklu votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd og sem forðast ber að raska nema brýnir almannahagsmunir séu í húfi. Skipulagsstofnun telur að miðað við aðstæður m.t.t. gróðurfars á veglínunni Suðurleiðar muni veglagning um það svæði, óháð valkostum, ávallt hafa verulega neikvæð áhrif á gróður og vistgerðir. Komi til framkvæmda telur Skipulagsstofnun mikilvægt að fylgja mótvægisáðgerðum í umhverfismatskýrslu og tilkynningu þessari sem og skilyrðum í álitum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Fjarðarheiðarganga í því augnamiði að reyna að draga úr neikvæðum áhrifum veglagningarinnar á gróður og vistgerðir.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er gerð athugasemd við að ekki skuli vera fjallað um áhrif á fuglalíf og landslag í tilkynningunni. Skipulagsstofnun telur að þær breytingar á Suðurleið sem hér er verið að fjalla um séu ekki líklegar til að breyta niðurstöðu um áhrif á þessa umhverfisþætti frá því sem gert var ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum Fjarðarheiðarganga frá des. 2022. Við færslu inntakslóns má hins vegar gera ráð fyrir ákveðnum neikvæðum ásyndarbreytingum sbr. umfjöllun um Gufufoss hér að neðan.

6.2 Færsla inntakslóns vatnsveitu

Um er að ræða fremur umfangslitla framkvæmd á viðkvæmu svæði m.t.t. vatnsverndar. Að mati Skipulagsstofnunar mun færsla inntakslóns vatnsveitu upp fyrir gangamunna Fjarðarheiðarganga draga mjög úr hættu á mengun neysluvatns í Seyðisfirði vegna framkvæmda við Fjarðarheiðargöng. Skipulagsstofnun tekur undir með Heilbrigðiseftirliti Austurlands um að ástæða sé til að skoða hvort breyta skuli skilgreiningu á vatnsvernd samhliða breytingu á vatnsinntaki. Mikilvægt er að vandað sé til verka við færsluna. Ef vel er staðið að verki ætti vatnsgæðum Fjarðarar ekki að hraka, óháð því hvor valkosturinn verður fyrir valinu. Skipulagsstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun Íslands um að valkostur 2 sé heppilegri að því leyti að hann hefur í för með sér heldur minna rask á gróðri og farvegi Fjarðarar. Helstu neikvæðu áhrif færslunnar tengjast skerðingu á rennsli árinna á



þeim kafla sem færslan nær til. Gera má ráð fyrir að rennlisskerðingin verði sýnileg að vetrarlagi og nær hún m.a. til Gufufoss. Þannig má því gera ráð fyrir nokkurri breytingu á ásynd fossins, en samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga njóta fossar og nánasta umhverfi þeirra sérstakrar verndar að því leyti að sýn að þeim spillist ekki. Áhrif rennlisskerðingarinnar eru þó að fullu afturkræf. Óvissa ríkir um áhrif á fornleifar á hluta framkvæmdasvæðisins. Tekur Skipulagsstofnun undir með Minjastofnun Íslands um að kanna þurfi svæðið m.t.t. fornleifa áður en framkvæmdaleyfi verður gefið út.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 12. ágúst 2023.

Reykjavík, 7. júlí 2023

Jakob Gunnarsson

Jón Ágúst Jónsson